

Skagafjarðarsýslu, sótt um uppgjöf á 80 ríkisdöllum afláni því, 1861.
 5,400 rdl. að upphæð, er veitt var sýslu þessari í fjárukalögum 5. júlím.
 31. marzm. f. á., til að varna hallæri, er menn báru kvíðboga fyrir; svo hefir hann og spurt um, hvort búast mætti við, að veitt yrði nokkuð lengri umlíðun um lán þetta, en ákveðið var, sökum þess hvað sumar sveitir seú fátækar.

Í þessu efni seú yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það Briem sýslumanni, að uppgjöf sú, sem sótt var um, ekki verður veitt, og að dómsmálastjórnin eigi heldur sér sér fært að útvega lengri umlíðun um lánið, en þegar var ákveðið, þá er það var veitt; vonast því stjórnarráðið eptir, að þér, herra amtmaður, látið yður vera umbugað um, að þeir skilmálar, er lánið var bundið, og skýrt er frá í bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. aprílm. f. á., verði nákvæmlega haldnir.

39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um gjöf Kelsalls til bókhlöðu- byggingar. 9. júlím.

Með bréfum, dagsettum 27. ágústm. f. á. og 8. maím., er síðast leið, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, sent hingað, að undirlagi stjórnarráðsins, uppdrætti nokkra og áætlanir um bókhlöðuhús það, sem í ráði er að byggja í Reykjavík fyrir fè það, er Charles Kelsall, Englendir, gaf eptir sinn dag í því skyni, en það er að upphæð 7,350 rdl. 42 sk.; svo hafið þér og sent áætlun um, hvað kostnaðurinn mundi verða mikill, ef farið væri eptir uppástungu þeirri, sem gjörð hefir verið um, að bókhlöðuhúsið seú haft svo stórt, að prestaskólinn einnig geti fengið þar húsnæði.

Af áætlunum þeim, er þér hafið sent, má sjá, að þó aðeins verði byggt bókhlöðuhús, og ekkert tillit haft til prestaskólans, og þó treysta mætti áætlunarreikningum Odds heitins snikkara Guðjónssonar, þar sem það þó virðist vafasamt hvort þeir reikningar seú áreiðanlegir, með því þeir eru byggðir á

1861. 9. júlím. verðlagi hér í bænum, sem varla hefir verið nógu kunnugt höf- undinum — þá er eigi að síður fèð ónóg til þess, að farið verði að byggja húsíð, því það mundi nálega allt ganga til þess að koma upp húsinu, og yrði þá ekkert eptir í ýms nauðsynleg gjöld, t. a. m. til launa handa bókaverði, í brunabóttagjald, til eldsneytis, lýsingar, m. m. Við þetta bætist, að nú sem stendur og fyrst um sinn verður ekki nauðsyn á sérstaklegu bóklöðuhúsi, með því til er rúmgott húsnæði í skólahúsinu sjálfu til að geyma í bókasafn skólans, og hefir því þótt réttast að nema fyrst um sinn staðar við svo búið, en setja fèð á vöxtu þangað til það er orðið svo mikið, að óhult sé um, að það verði nóg til þess, sem það er ætlað til; þá verður og kominn tími til að skera úr því, hvort ástæða sé til að byggja hús handa prestaskólanum, og ef svo er, hvort það þá eigi að vera í sam- bandi við hús það, sem hér er um rætt; en varla verður sagt, að enn sé kominn tími til að gjöra út um þetta.

Um leið og stjórnarráðið tilkynnir yður þetta, skal þess við getið, að gjafafè það, sem hér er um rætt, hefir verið ritað í skuldabréfabók þá, sem búin var til samkvæmt auglýsing fjár- stjórnarinnar 20. septemberm. 1859, og að þegar búið er að gefa út skýrteini um þetta, þá verður það skjal geymt hjá þeim manni, sem er fèhirdir fyrir stjórnarrád konungsríkisins.

11. júlím. **40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að hann gegni störfum konungs- fulltrúa á alþingi.**

Dómsmálastjórnin hefir reyndar enga skýrslu fengið frá yður, herra stiptamtmaður, um það, hvernig þer ætluðuð að fara að við alþingi, er enginn var skipaður konungsfulltrúi eptir fráfall Melsteðs amtmanns, þá er þingið átti að byrja 1. þ. m.; en þó nú stjórnarráðið ekki efist um, að þer þegar af eigin hvöt hafið sett þingið, og að öðru leyti gegnt skyldum þeim, er konungsfulltrúa ber að gegna, þá hefir þótt réttast að láta ekki pótskipið í þetta skipti fara svo til Íslands, að yður sé ekki